

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/858****2021/EES/34/15****frá 18. júní 2020****um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/732 að því er varðar frestun framkvæmdar hennar (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB frá 22. október 2014 um uppbyggingu grunnvirkja fyrir óhefðbundið eldsneyti ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/732 ⁽²⁾ ætti birting samanburðar á eldsneytisverði á eldsneytisstöðvum að byggjast á úrtaki fólksbifreiða sem eru sambærilegar, a.m.k. hvað varðar þyngd og afl. Aðildarríki hafa þann möguleika að nýta sér þau tækifæri sem fylgja stafvæðingu, eins og tól á Netinu, til að veita upplýsingar um gerðir ökutækja, sem eru á markaðinum, og til að bæta við frekari upplýsingum. Því má sýna hlekk á vefsetur með ítarlegri upplýsingum eða viðbótarupplýsingum sem viðbótarúræði til að sýna samanburð á einingarverði eldsneytis á eldsneytisstöðvum. Hlekkurinn ætti ekki að koma í stað þess að sýna þurfi eldsneytisverð á eldsneytisstöðvum.
- 2) Aðildarríki ættu að ákvarða hvaða áfyllingarstöðvar eigi að sýna niðurstöður úr samanburði á einingarverði óhefðbundins eldsneytis með því að fara eftir sameiginlegu aðferðafræðinni sem sett er fram í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/732. Birting upplýsinga ætti að vera með þeim hætti að tryggt sé að nægilegar neytendaupplýsingar komi fram, t.d. á veggspjöldum, skiltum eða skjám. Uppsetning þeirra krefst ákveðins vinnuframlags á eldsneytisstöðvum. Lausnirnar ættu ekki að vera íþyngjandi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.
- 3) Sambandið innleiddi aðgerðir til stuðnings áætluninni, sem falla undir Sjóðinn fyrir samtengda Evrópu, til að aðstoða aðildarríki við framkvæmd 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/94/ESB, þ.m.t. tilmæli um samræmda framsetningu upplýsinga. Þessi tilmæli liggja ekki enn fyrir þar sem fresta þurfti framkvæmd nauðsynlegra prófana, sem fara fram augliti til auglitis, vegna þess að aðgengi að áfyllingarstöðvum til prófana hefur verið verulega takmarkað síðan gerðar voru ráðstafanir varðandi einangrun í tengslum við COVID-19 heimsfaraldurinn. Í þessu samhengi hefur framkvæmdastjórnin, að beiðni aðildarríkjanna sem taka þátt í aðgerðunum til stuðnings áætluninni, framlengt gildistíma hennar til 30. september 2020 með breytingu á viðkomandi styrksamningi. Þetta mun fela í sér að seinkun verður á endanlegri afhendingu tilmælanna sem gefa á út sem hluta af aðgerðum til stuðnings áætluninni hjá aðildarríkjunum um samræmda framkvæmd 3. mgr. 7. gr. tilskipunar 2014/94/ESB.
- 4) Aðildarríki, sem sitja í nefndinni um grunnvirki fyrir óhefðbundið eldsneyti, vöktu athygli á því á fundi nefndarinnar 3. apríl 2020 að ráðstafanirnar til að hefta útbreiðslu COVID-19 faraldursins takmarki möguleika á aðgengi að áfyllingarstöðvum. Af þessum sökum er ekki hægt að framkvæma alla nauðsynlega vinnu til að koma upplýsingum á framfæri á áfyllingarstöðvum í samræmi við tilmælin í aðgerðunum til stuðnings áætluninni. Þar að auki felur uppsetning veggspjalda, skilta og skjáa í sér líkamlega vinnu á áfyllingarstöðvum sem gæti haft í för með öryggisáhættu fyrir viðskiptavinum og starfsfólki sökum skyldunnar um að viðhalda samskiptafjarlægð. Af þessum ástæðum óskuðu aðildarríki eftir frestun framkvæmdar framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/732.
- 5) Þessar takmarkanir gera það að verkum að ómögulegt er að setja upp nauðsynleg grunnvirki til að gera áfyllingarstöðvum kleift að laga sig að aðferðafræðinni, sem sett er fram í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/732, á þeim degi sem gerðin kemur til framkvæmda sem mælt er fyrir um í 2. gr. Að auki standa aðildarríki einnig frammi fyrir áskorunum þegar kemur að því að safna viðeigandi gögnum. Af þessum sökum ætti að fresta framkvæmd framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/732 um sex mánuði til að gera aðildarríkjunum kleift að vega upp á móti neikvæðum áhrifum tafarinnar, sem COVID-19 hættuástandið hefur haft í för með sér, á framkvæmd ráðstafananna sem kveðið er á um í þeirri reglugerð.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 195, 19.6.2020, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 307, 28.10.2014, bls. 1.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/732 frá 17. maí 2018 um sameiginlega aðferðafræði fyrir samanburð á einingarverði óhefðbundins eldsneytis í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/94/ESB (Stjútíð. ESB L 123, 18.5.2018, bls. 85).

- 6) Til að veita tafarlausa aðstoð á meðan COVID-19 neyðarástandið varir og til að gera aðildarríkjum og öllum hagsmunaaðilum kleift að laga áætlanagerð sína að breytingartillögumni ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2014/94/ESB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað annarrar undirgreinar 2. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2018/732 kemur eftirfarandi:

„Hún kemur til framkvæmda frá og með 7. desember 2020“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júní 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
